



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambandsins

Dags.: 4. september 2025

Sendandi: Valgerður Rún Benediktsdóttir

Málsnr.: 2509055SA

Málalýkill: 05.53

Efni: Möguleiki á heildarsamningi við STEF

Forsaga

STEF hefur óskað eftir viðræðum við Sambandið um gerð rammasamnings um greiðslur leyfisgjalda fyrir leyfi til flutnings tónlistar hjá sveitarfélögum landsins og stofnunum þess. Stjórn fjallaði um beiðni STEF á 952 fundi sínum þann 27. september 2024 og er það minnisblað sem lá til grundvallar þeirri umfjöllun einnig meðfylgjandi. Niðurstaða fundarsins var sú að yfirlögfræðingi var falið að kanna samvinnugrundvöll við STEF um heildarsamning, kanna vilja sveitarfélaga til slíks samnings sem og kanna möguleika á framlagi úr Jöfnunarsjóði sbr. fordæmið um samkomulagið varðandi Fjölís.

Í kjölfarið óskaði Sambandið eftir drögum að samningi frá STEF þar sem finna mætti nánari útfærslu á samstarfinu. Þau drög bárust í febrúar sl. Eftir fund með STEF um drögin óskaði Sambandið eftir að nokkur atriði yrðu skoðuð frekar. Svar við þeirri beiðni barst frá STEF 28. ágúst.

Næstu skref

Í grunninn má segja að þrjár leiðir séu færara hvað varðar næstu skref í málinu:

1. STEF samþykkir uppfærða verðskrá án frekari aðkomu Sambandsins

STEF samþykkir nýja og uppfærða verðskrá sem liggur fyrir í drögum og innheimtir beint frá sveitarfélögum samkvæmt henni. Samkvæmt upplýsingum frá STEF er sú gjaldskrá heilt yfir 6,7% hærri heldur en þau verð sem heildarsamningur við Sambandið sem STEF er að bjóða gerir ráð fyrir.

Lagt er upp með að verðskráin miðist við fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi samkvæmt tilteknum þrepum. Þannig greiði stærri sveitarfélög hlutfallslega meira á hvern íbúa en minni sveitarfélög þar sem STEF telur að það þurfi nokkurn fjölda íbúa til að sveitarfélög bjóði á annað borð upp á ýmsa viðburði eða hafi burði til þess að standa fyrir starfsemi þar sem tónlist er notuð.

Hvað varðar áhrifin að væntanlegri verðskrá þá er það mat STEFs að hún muni hafa langmest áhrif á stærri sveitarfélögin til hækkunar á greiðslum og nefnir eftirfarandi dæmi:

- Reykjavíkurborg greiðir í dag um 7,9 millj. en mun greiða 13,6 millj.
- Kópavogsbær greiðir í dag um 2,2 millj. en mun greiða 3,6 millj.
- Akureyrarbær greiðir í dag um 740 þúsund en mun greiða 2,3 millj.

Hækkunin sé síðan hlutfallslega minni fyrir sveitarfélög af stærðinni 4.501-15.000 íbúar og varla merkjanleg fyrir sveitarfélög í stærðarflokknum 1.501-4.500. Fyrir þau sveitarfélög sem eru á annað borð með samninga og eru undir 1.500 íbúa muni greiðslan í öllum tilvikum lækka frá núverandi verðum. Þá er gert ráð fyrir 20.000 kr. lágmarksgreiðslu fyrir fámennustu sveitarfélögin.

Gert er ráð fyrir því að í kjölfar nýrrar verðskrá muni STEF hefja innheimtu hjá þeim sveitarfélögum sem hingað til hafa ekki greitt nokkuð til tónhöfunda.

2. Heildarsamningur STEFs og Sambandsins

Hér er gert ráð fyrir að Sambandið greiði leyfisgjöld f.h. allra sveitarfélaga til STEFs sem eftir atvikum innheimti gjöldin frá sveitarfélögunum eða að samið verði við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um að standa straum af þessari greiðslu. Sambandið myndi alltaf þurfa að afla umboðs allra sveitarfélaga fyrir gerð slíks heildarsamnings.

Eins og fram hefur komið yrðu leyfisgjöld þá á heildina litið um 6,7% lægri en samkvæmt væntanlegri nýrri gjaldskrá STEFs.

Hvað varðar aðkomu Jöfnunarsjóðs þá hefur verið vísað til fordæmis í þessu máli hvað varðar samning við Fjölís. Í því tilfelli gerði mennta- og barnamálaráðuneytið samning við Fjölís vegna ljósritunar og hliðstæðra eftirgerða verka á öllum skólastigum og greiðir Jöfnunarsjóður hlut sveitarfélaga vegna leik- og grunnskóla. Mögulega væri hægt að óska eftir því við Jöfnunarsjóð að hann annaðist greiðslur f.h. sveitarfélaganna til STEFs með vísan til þessa fordæmis en afstaða sveitarfélaganna til þess hefur þó ekki verið könnuð. Í upphafi samningstíma væri um að ræða 34,8 millj. kr. miðað við núverandi forsendur um íbúafjölda og verðlag, en gert er ráð fyrir að fjárhæðin taki breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á lánskaravísitölu.

Ef Sambandið tæki að sér að innheimt hjá hverju og einu sveitarfélagi kostar það að sjálfsögðu tíma og fjármagn sem ekki er gert ráð fyrir hjá Sambandinu í dag.

3. Rammasamningur STEFs og Sambandsins

Þriðja leiðin væri að Sambandið og STEF gerðu rammasamning um helstu efnisatriði samninga við sveitarfélögin. Á grundvelli þessa rammasamnings myndi STEF gera mjög einfalt samkomulag við hvert og eitt sveitarfélag. STEF myndi þá innheimta sjálft hjá hverju og einu sveitarfélagi en ákveðið hagræði væri í því að til væri rammasamningur sem byggt væri á gagnvart sveitarfélögum. Verðskrá STEFs yrði grundvöllurinn að slíku rammasamkomulagi.

Að lokum

Fyrir liggur að STEF mun fara í aðgerðir til að efla og samræma innheimtu leyfisgjalda. Aðkoma Sambandsins að málinu er ekki forsenda þess en samkvæmt upplýsingum frá STEF væri þó hægt að lækka kostnað sveitarfélaga um 6,7% á ári með heildarsamningi eða rammasamningi STEFs og Sambandsins. Sveitarfélögin yrðu þó alltaf að veita Sambandinu umboð til að gera slíkan samning.

Óskað er eftir afstöðu stjórnar til næstu skrefa í málinu